

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Nóvember 2003

VEIÐILEYFAFRAMBOÐ

## Veiðileyfi 2004



Ljósmynd Einar Falur

*Sólbaðsveður í Vatnsdalnum, í ágúst í sumar*

Á almennum félagsfundi Ármanna þann 22. október s.l. var veiðileyfaframboð næstu veiðitíðar m.a. á dag-skrá.

Það hafði komið fram í umræðunni manna meðal að ekki væri grundvöllur lengur fyrir að halda Grenlæknum inni vegna slælegrar sölu síðastliðin sumur og tapi af þeim sökum. Félagsmenn sem mættu á fundinn skiptust á skoðunum um þetta mál og ýmislegt fróðlegt kom þar fram. Ármenn hafa haft samninga við bændurna á Fossum og Ytra-Hrauni en aðrir tveir bændur selja öðrum veiðifélögum og einstaklingum sína daga í Fitjarflóði og þar eru stundum á ferð menn sem ekki flokkast undir sportveiðimenn í skilningi fluguveiðimanna og einhver nefndi línuveiðar með makríl sem dæmi um hversu hart er sótt. Það er erfitt fyrir fluguveiðimenn sem eru auk þess hófsamir af guðs náð að koma að Fitjarflóði eftir slíka útgerðarmenn, einkum að vorlagi. Eigi að síður vildi fundurinn að stjórnin reyndi með öllum ráðum að finna einhverja þá lausn að við gætum endurnýjað samninginn við bændurna.

Grenlækjarnefndinni leist ekki á að starfa áfram og sagði af sér á fundinum. Það réðst svo í samtölum við bændurna að sendinefnd Ármanna skyldi hitta þá

á Hótel Kirkjubæjarklaustri sunnudaginn 2. nóvember. Fundinn sátu Jóhanna formaður, Hjálmar T. stjórnarmaður og undirritaður f.h. veiðiöflunarnefndar auk bændanna Arnars á Ytra-Hrauni og Agnars á Fossum. Báðum megin borðsins ríkti skilningur á þeim vanda sem uppi er og er skemmst frá því að segja að þarna var ákveðið að halda áfram þessu góða samstarfi og nýr samningur handsalaður.

Nú mætti spyrja hvað olli því að stjórnin ákvað að hella sér eina bununa enn í Grenlækjarsvimið. Forsendurnar eru tvíþættar:

1. Að settar verði reglur um að einungis fluguveiðar skulu leyfðar á niðurgöngutímanum og stefnt að því að Fitjarflóð verði hreint fluguveiðisvæði innan fárra ára og settar séu samræmdar reglur um umgengni við lífríki Flóðsins t.d. varðandi kvóta.

ORVIS fluguhnýtingarefni og úrval af efni frá öðrum framleiðendum.

Hnýtingarnámskeið að hefjast.



Vesturröst Laugavegi 178 105 Reykjavík  
S 5516770

2. Ármenn hafa nú betri möguleika á að selja veiðileyfi vegna fréttu af aukinni fiskgegn og uppsveiflu í bleikju- sjóbirtingsstofninum og hins vegar að Lax-á, með sitt magnaða sölukerfi, munu styðja okkur í að selja afganginn.

Áður en félagsfundurinn var haldinn hafði stjórn félagsins haft samband við Lax-á til að forvitnast um veiðileyfi fyrir félagsmenn og á þeim bæ var okkur tekið fagnandi og ákveðið var að hittast og bera saman bækur okkar. Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri söludeildar innanlands, mætti síðan til fundar við stjórn og veiðöflunarnefnd í Árósum og á þeim fundi var ákveðið að Lax-á byði Ármönnum forsölu á veiðileyfum með afslætti af listaverði sínu. Þetta þykir gott boð og á hinum almenn félagsfundi kom fram stuðningur við áætlanir stjórnarinnar um slíkt samstarf enda megum við skila aftur óseldum leyfum og því ekki um neina áhættu að ræða.

**Skal nú stiklað á stóru yfir elfi veiðileyfaframbóðsins.**

**Hlíðarvatn.** Nýlega var skrifað undir 10 ára samning um veiði og veru Ármanna við Hlíðarvatn. Það hefur verið skrifað illa um Hlíðarvatn í fjölmiðlum undanfarið en víst er að margir Ármenn



Ljósmynd Einar Falur  
*Þetta eru fiskar ú Hlíðarvatni, sá stærsti 5 pund og 55 cm. Veiðimaðurinn fékk 2 þannig fiska með 7 daga millibili á sama stað á sitthvora fluguna.*

hafa upplifað þar meiri veiði og stærri fisk en undanfarin ár. Veitt verður frá 1. maí til 30 september. Veiðileyfi hækka litillega en ekki til vansa.

**Grenlækur.** Með nýjum samningi og aukningu í sjóbirtings- og bleikjustofni er brýnt að Ármenn sýni þessum „heimavelli“ hollustu og sækji um leyfi sem aldrei fyrr.

**Frostastaðavatn og vötnin sunnan Tungnár** eru ótrúlega gjöfugar veiðilendur sem við megum til með að sinna betur, einkum vegna þess að þar er verðlag ennþá eðlilegt og þar er ekki hver ofan í öðrum eins og víða er. Ármenn eru í samninga-umleitunum um að fá gistingu fyrir okkur í húsi við Landmannahelli og ef það tekst þá er ekkert til landbúnaðar, eins og ráðherra sagði. Undirritaður hefur farið margar góðar ferðir með fjölskyldu og vinum á þessar slóðir og átt ógleymanlegar stundir m.a. með þurrflugunum sínum í bullandi veiði og ótrúlegum ævintýrum. Þetta svæði verður kynnt sérstaklega eitt hvert miðvikudagskvöldið í vetur.

**Pingvallavatn.** Stjórnin vonast til að samningar náist um greiðslu fyrir frjálsa veiði Ármanna í landi þjóðgarðsins við Pingvallavatn enda vandséð hvernig hægt er með okri að meina jafn göfugum veiðmönnum eins og okkur að þessari veiðiparadis. Fyrirgefið litil lætið!

Litla fluguveiðifélagið. Við Ármenn erum ekki nema rúmlega þrjú hundruð talsins og vitað er að rúmlega þriðjungur hefur ekki sótt um veiðileyfi hjá félaginu undanfarin ár og nú verður spennandi að sjá hvort hlutfallið breytist þegar svona margt æsandi er í boði.

**Geysilegt úrval veiðileyfa.** Ekki er rúm í þessum Áróði að fjalla nánar um aðrar veiðilendur á veiðiframboðslistanum en framboðið hefur líklega aldrei verið fjölbreyttara. Undirritaður hefur veitt víða um þessar slóðir og getur vitnað að þetta eru dásamlegar veiðilendur og hvetur félagana til að sækja um með opnum hug.

Það er rétt að benda á að víða verður að huga að gistimöguleikum fyrirfram. Sýnum því fyrirhyggju í gistingarmálum eins og öðru.

Félagar, stöndum saman og hvetjum ættingja, vini og annað gott fólk til að gerast Ármenn, á forsendum félagsins, með aðgang að öllum þess fjölbreyttu veiðilendum.

Það er ekki vont að eiga þar með möguleika á að fá flottan 60 þúsund króna veiði úr veiðipyttinum sem kallaður er Lukkuleikur Ármanna.

Guðmundur Haukur Jónsson  
# 524



## Útivist og Veiði er með í jólapakkann:

- Fluguveiðistangir
- Veiðihjól
- Mikið úrval af flugulínum
- Skotlínur
- Vöðlur
- Vöðluskór
- Veiðijakkar
- Veðistangasett
- Fluguhnýtingarefni
- Fluguhnýtingarsett
- Fluguhnýtingarnámskeið
- Íslenskar flugur í miklu úrvali
- Ýmis útivistarfatnaður
- Ármenn eru með 15 % afslátt í Útivist og Veiði**



Síðumúla 11 • 105 Reykjavík • sími 588 6500

Útgefandi: Ármenn.  
Umbrot: Dagur Jónsson.  
Fjölritun: Prentmet.  
Dreift ókeypis til félagsmanna í Ármönnum.

FRÁ RITSTJÓRA

# Ágætu Ármennt;

Niðurstaðan í stóra Laxamálinu á Alþingi er ljós: 30-25. Það má heita ótrúlegt að löggjafarþingið skuli hafa samþykkt aðra eins vitleysu og leggja þá náttúruauðlind sem laxinn er í stórhættu.

Mér verður stundum hugsað til þess viðhorfs, sem felst í niðurlagi siðareglna Ármanna: „...fer með gát að öllu lífi“ og svo framvegis. Þessar siðareglur urðu mér meðal annars hvatning til að ganga í félagið og ég vona sannarlega að hið stóraukna og ágæta úrval veiðileyfa næsta sumar eigi eftir að stækka félagskrána nokkuð.

Heimurinn þarf á fleiri Ármönnum að halda.

*Kveðja; Þorsteinn J.*



Ljósmynd Gollí

Skilatími á  
umsóknum  
veiðileyfa  
er til kl. 22  
8. desember

## Siðareglur Ármanna

Ármenn.

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Stofnað 28 febrúar 1973.

Siðareglur Ármanna eru aðeins gagnorð lýsing, við hæfi fullorðinna, á kurteisi veiðimannsins og ber að túlka þannig:

Ármaður virðir: Íþrótt, bráð, land og annan mann.

Ármaður, sem veiðir eingöngu á flugu, metur íþrótt umfram aflamagn.

Hann hlítir veiðireglum í hvívetna, er hófsamur í veiði og fer vel með feng.

Hann ræðir af háttvísi um veiðibráð, fer með gát að öllu lífi, nýtur veru sinnar við veiðivatn og skilur ekki eftir annað en sporin sín.

Ármaður deilir veiðigleði með félögum sínum, berst lítt á við veiðiskap og er hæverskur áhorfandi.

Ármaður gengur frá veiðihúsi hreinu, virðir vel bónda og lokar hliðinu á eftir sér.

Í Veiðihorninu færðu mesta úrval landsins af öllu nauðsynlegu í veiðitúrinn og fyrir fluguhnýtingarnar

Sage, Simms, Sierra, Ron Thompson, Okuma, Waterworks, Hardy, Thomas & Thomas, Airflo  
ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

Nýtt íslenskt fluguhnýtingamyndband  
væntanlegt fyrir jólin



VEIÐIHORNID

Hafnarstræti 5 - Síðumúla 8

# Veiðileyfi

## Grenlækur í Landbroti

Alltaf byrjað og endað á hálfum degi

Númer á holli	Veiðidagar	Verð pr. stangard.	Fjöldi stangadaga	Verð hver stöng
GL01	07.05-09.05	14.000	2	28.000
GL02	13.05-16.05	14.000	3	42.000
GL03	16.05-19.05	10.000	3	30.000
GL04	27.05-30.05	10.000	3	30.000
GL05	30.05-02.06	10.000	3	30.000
GL06	02.06-05.06	7.000	3	21.000
GL07	12.06-.15.06	7.000	3	21.000
GL08	15.06-.17.06	7.000	2	14.000
GL09	17.06-19.06	7.000	2	14.000
GL10	27.06-30.06	7.000	3	21.000
GL11	30.06-2.07	7.000	2	14.000
GL12	02.07-05.07	7.000	3	21.000
GL13	12.07-.15.07	7.000	3	21.000
GL14	15.07-17.07	7.000	2	14.000
GL15	17.07-19.07	7.000	2	14.000
GL16	28.07-31.07	7.000	3	21.000
GL17	31.07-02.08	9.000	2	18.000
GL18	02.08-05.08	9.000	3	27.000
GL19	12.08-15.08	9.000	3	27.000
GL20	15.08-17.08	9.000	2	18.000
GL21	17.08-19.08	9.000	2	18.000
GL22	27.08-30.08	9.000	3	27.000
GL23	30.08-03.09	10.000	3	30.000
GL24	03.09-05.09	10.000	2	20.000
GL25	12.09-15.09	10.000	3	30.000
GL26	15.09-18.09	10.000	3	30.000
GL27	18.09-20.09	10.000	2	20.000
GL28	27.09-30.09	10.000	3	30.000
GL29	30.09-03.10	10.000	3	30.000
GL30	09.10-12.10	14.000	3	42.000
GL31	12.10-14.10	14.000	2	28.000
GL32	18.10-20.10	14.000	2	28.000

## Bjarnafjarðará – Bleikja

Mögulega allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
15.-25. ág.	4	stakir	6.000	

## Galtalækur – Stórrurði

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
7.-17. maí	2	stakir	7.300	14.600

ATH. 2 stangir seldar saman. Möguleiki á fæði og gistingu í veiðihúsinu við Eystri Rangá. Veitt og sleppt. Meðalþyngd 3 pund.

## Skálmardalsá

Alltaf byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
11.-14. júlí	3	6.000	18.000
14.-17. júlí	3	6.000	18.000
17.-20. júlí	3	6.000	18.000
20.-23. júlí	3	6.000	18.000
23.-26. júlí	3	6.000	18.000
26.-29. júlí	3	6.000	18.000
3.-6. ágúst	3	6.000	18.000
6.-9. ágúst	3	6.000	18.000
9.-12. ágúst	3	6.000	18.000
12.-15. ágúst	3	6.000	18.000
15.-18. ágúst	3	6.000	18.000
18.-21. ágúst	3	6.000	18.000
21.-24. ágúst	3	6.000	18.000
24.-27. ágúst	3	6.000	18.000
27.-30. ágúst	3	6.000	18.000
30.-2. sept.	3	6.000	18.000
2.-5. sept.	3	6.000	18.000
5.-8. sept.	3	6.000	18.000

Vegaframkvæmdirnar á svæðinu eru afstaðnar

## Hlíðarvatn í Selvogi

Veitt er á þrjár stangir, í boði eru allir dagar frá 1. maí til 30. september. Veiði hefst kl.19:00 kvöldið fyrir úthlutun og lýkur sólarhring síðar. Verð fyrir stöngina virka daga er 2.000 kr. en 2.500 kr. fyrir helga daga. Veiðimenn skulu skila veiðihúsinu hreinu fyrir kl.19:00.

## Vatnsdalsá

Alltaf byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
31.júlí-3. ág.	9	3	12.000	

## Grímsá

Alltaf byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
20.-23. ág.	8	3	21.000	63.000

## Frostastaðavatn og vötn sunnan Tungnár

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
1.-31. júlí	12	stakir	1.500	

ATH. Veiðileyfi eru seld hjá landverði við Landmannahelli og á Skarði í Landsveit. Stjórnin er í viðræðum varðandi gistingu í skála á svæðinu.

# Veiðileyfi

## Laxá í Aðaldal – Múlatorfa Urriði – Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
2.–9. ágúst	2	stakir	6.800	

Nærliggjandi bændagisting.  
Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Laxá í Aðaldal – Staðartorfa Urriði – Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
2.–9. ágúst	2	stakir	6.800	

Nærliggjandi bændagisting.  
Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Minnivallarlækur – Urriði

Alltaf byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
11.–18. apríl	4	stakir	7.800	

ATH. Gott hús fylgir

## Reykjadalsá – Silungur/lax

Alltaf byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
26.–29. júlí	6	3	8.700	26.100

ATH. Hús fylgir

## Þorleiflækur/Varmá - Silungur

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
23.–30. apríl	6	stakir	1.600	
20.–26. ág.	6	stakir	5.000	

Veitt frá morgni til kvölds. Veitt og sleppt en má fá sér í soðið. Verndunaraðgerði sjóbirtings.  
Gisting, sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Sog Þrastarlundur – Bleikja

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
10.–20. júní	10	stakir	1.600	3.200

ATH. 2 stangir seldar saman.  
Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Miðfjarðará – Silungur

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
19.–23. júlí	2	stakir	6.300	

Nærliggjandi bændagisting.  
Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Miðfjarðará – Lax

Byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Fæði/gist
29. 6.–2. júlí	6	3	26.500	10.800
9.–12. sept.	10	3	13.500	10.800

## Ytri Rangá – Urriði

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
30. 6.–10. 7	10	stakir	2.500	

Nærliggjandi bændagisting.  
Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Tunguflót í Biskupstungum

Urriði – Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
1.–10. apríl	10	stakir	2.500	

Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Ytri Rangá – Lax

Byrjað og endað á miðjum degi

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
1.–3. júlí	10	2	23.500	
12.–14. sept	12	2	10.000	

Sjá nánar í söluskrá Lax-ár.

## Vatnasvæði Lýsu - Silungur/lax

Allir dagar heilir

Dagar	St. fjöldi	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
1.–10. júní	8	2	1.600	
20. 7–1. ág.	8	2	5.000	

ATH. Bændagisting

# Úr umræðunni

Nýleg umræða um laxeldi í sjó, í Berufirði og Mjóafirði, snertir Ármenn ekki síður en aðra stangaveiðimenn. Rök þeirra sem sjá nýja framtíð í þessari atvinnugrein eru afar kunnugleg; hundruð ársverka, söluverðmæti afurða uppá milljarða og þar fram eftir götunum. Það var í júní sem Dofjord lax, eitt af stærstu laxeldisfyrirtækjum Noregs, var úrskurðað gjaldþrota. Það gjaldþrot nam 10 milljörðum íslenskra króna. Framtíð laxeldis í Noregi er í óvissu sem aldrei fyrr, vegna langvarandi tapreksturs stærstu laxeldisfyrirtækjanna, fallandi verðs og offramboðs af laxi.

Hér eru nokkur brot úr umræðunni síðustu vikur og mánuði ásamt eftirfarandi hugleiðingu: Hvað viljum við Ármenn, Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu, leggja til málanna? Þótt bráðabirgðarlögin vondu séu orðin að lögum er baráttan rétt að hefjast.

## Á sjókvíaeldi von við Íslandsstrendur?

„Er ekki kominn tími á að láta náttúruna njóta vafans? Menntu eru ekki aðeins með náttúruvernd í huga þegar menn segja nauðsynlegt að vernda íslenska laxinn heldur eru miklir fjármunir í húfi sem skiptir rúmlega 1.200 bújarðir víðs vegar um landið miklu máli og raunar marga fleiri.“

Þorsteinn Ólafsson, stjórnarmaður í SVFR.

(*Morgunblaðið*, 2. september 2003)

## Hefur ekki veruleg áhrif á villta laxinn.

„Það var hörmulegt slys þegar 3000 eldisfiskar sluppu úr sjókví í Norðfirði í ágúst. Auðvitað er búist við að þeir komi einhvers staðar upp, en hvort þetta hafi áhrif til frambúðar skal ég ekkert segja um.“

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra.

(*Morgunblaðið*, 5. október 2003.)

## Framtíð fiskeldis í húfi.

„Gagnrýnendur bráðabirgðalaganna hafa haldið því fram að þau feli í sér hættu á að sjúkdómar berist hingað til lands auk hættu á erfðablöndun, sem valdið geti tjóni á íslenska laxastofninum. Allt hefur verið gert til að draga úr hættu á slíku.“

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra.

(*Morgunblaðið*, 20. október 2003.)

## Ríkisstjórnin svikur íslenska laxinn.

„Landbúnaðarráðherra reynir að draga úr þeim augljósu embættisafglöpum sem hann er sekur um. Án nokkura rannsóknna eða yfir höfuð hugmyndar um hvað hann var að gera hefur hann gefið grænt ljós á stórfellt eldi á norskum laxi hér við land. Þetta eldi er hryllileg mistök. Það er atлага að vistkerfi Íslands og ógnar dýrmætri ímynd íslenskra laxveiðiá og tekjumöguleikum bújarða og ferðaþjónustu um allt land.“

Magnús Þór Hafsteinnsson, alþingismaður.

(*Fréttablaðið*, 6. október 2003.)

## Fiskeldi - vaxtabroddur til framtíðar.

„Andstæðingar sjókvíaeldis geta ekki verndað íslenska laxinn fyrir erfðablöndun með því að berjast fyrir því að sjókvíaeldi verði lagt af. Þeir geta ekki komið í veg fyrir ferðalög villts fisks og eldisfisks frá öðrum löndum. Í raun er líklegt að íslenska laxinum stafi meiri hættu af verndunaraðgerðum þessara sömu aðila en íslensku fiskeldi.“

Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastj. Landsambands fiskeldisstöðva.

(*Morgunblaðið* 21. október 2003.)

## Dánarvottorð íslenska laxastofnsins.

„Ísland er eitt síðasta vígi Atlantshafslaxins. Þær skipta aðeins nokkrum tugum laxveiðiárna í heiminum sem enn standa undir nafni. Engin þjóð á jafnmargar gjöfular ár og við Íslendingar. Við getum enn snúið við blaðinu. Fyrsta viðvörðunin var í sumar. Við vonum í lengstu lög að ráðamenn snúi af þessari braut áður en það verður og seint. Þessi aðför að íslenskri náttúru flokkast undir hryðjuverk í umhverfismálum. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra er að gefa út dánarvottorð íslenska laxastofnsins.“

Ingólfur Ásgeirsson og Þórarinn Sigþórsson.

(*Morgunblaðið*, 24. október 2003.)

## „Ég er sáttur.“

Ég er sáttur við þessa niðurstöðu, þrátt fyrir hörð orða-skipti. Menn eru ekki alltaf sammála, lífið er bara þannig“

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, í umræðu um breytingar á bráðabirgðarlögum á Alþingi.

(*Ríkisútvarpið*, 11. nóvember 2003.)

Sumir velja sér  
tvo lífsförunauta  
um ævina

*Scott*  
er annar þeirra

Flugustangir með lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:

Intersport

J. Vilhjálmsson

Útillif

Veiðibúðin við Lækinn

Vesturröst

NÁTTÚRUSPJÖLL

# Foss á Suðvestur- landi



Hér eru tvær ljósmyndir, af fossi í sögufrægri á á Suðvesturlandi. Sagan bakvið eldri myndina er sú, að ég keypti afmælisblað Veiðimannsins frá 1959 og á forsiðu var þessi mynd af fossinum. Ég tók svo mynd af honum eins og hann er í dag, allnokkuð breyttur, sem kannski er til marks um hvernig farið er með mörg veiðisvæði. Ég sendi ykkur svarið við þessari litlu getraun í næsta Áróði! (Þeir sem telja sig vita svarið, geta hæglega skrifað ritstjóra strax, [thorsteinnj@islandia.is](mailto:thorsteinnj@islandia.is))

*Kveðjur Ágúst Ú. Sigurðsson # 2.*

Það er aðeins eitt leyndarmál  
í fluguveiðinni **STCROIX**



Þinn lífsstíll,  
okkar metnaður!

**ARKÓ**  
VEIÐIVÖRUR

Krókhálsi 4, 110 Reykjavík • Sími: 587 5800 • [www.arko.is](http://www.arko.is)

# Bleikjan og rækjan



„Ósennilegt að rækjan sé á matseðli bleikjunar“

Í tilefni af vangaveltum Braga Guðbrandssonar í síðasta Áróðri, um tengsl lélegrar bleikjuveiði í Vatnsdalsá, og rækjuveiði norður og norðaustur af landinu, sendi Kristján Freyr Helgason Áróði bréf. Þar segir meðal annars:

„Rækjuafli af Íslandsmiðum hefur verið í lægð en fer batnandi, var 29 þúsund tonn á árinu 2002. Rækjuaflinn var samt mun meiri á árunum frá 1994-1998, komst í 75 þúsund tonn. Þá eru Íslendingar í vaxandi mæli að flytja inn rækju til vinnslu og nam það magn 36 þúsund tonnum á síðasta ári.

Þannig var öll rækja sem unnin var á Hvamms-tanga á árinu 2002 innflutt.

Hvað varðar líffræði bleikjunnar þá þolir hún saltan sjó í afar takmarkaðan tíma og er talin halda sig á grunnsævi og því hlýtur að teljast afar ósennilegt að rækja sé á matseðli hennar í hafinu eða að bleikja komi með rækju sem meðafli. Ég tel því vandséð að tengsl séu á milli rækjuvinnslu og bleikjugangna í norðlenskar ár og tel ég hið sama gilda fyrir sjóbirt-ing og lax.....”

*Kristján Freyr Helgason #662*



Skilatími á  
umsóknunum  
veiðileyfa  
er til kl. 22  
8. desember

Ljósmynd Golli

**Þeir sem gerast félagsmenn fyrir úthlutun  
sleppa við að greiða árgjaldið fyrir 2004**

## Lukkuleikur vetrarins

Allir skuldlausir félagsmenn geta tekið þátt í leiknum með því einu að koma með nýjan félagsmann og fyrir hvern nýjan félagsmann fá menn eitt bréf í pottinn. Bréfin þurfa að berast í lukkukassann fyrir 28. febrúar 2004.

Í boði eru vegleg verðlaun sem hvatning til félagsmanna að hvetja vini og vandamenn til að gerast félagar. Tökum nú öll höndum saman og fjölgum Ármönnum.

1. vinningur er að verðmæti 60.000 þús. vöruúttekt í versluninni Vesturröst, 2. og 3. verðlaun að verðmæti 30.000 þús. hvor, vöruúttekt í versluninni Útivist og veiði.

Félagsmaðurinn skráir félagsnúmer, nafn og símanúmer sitt á þetta bréf og einnig upplýsingum um nýja félagsmanninn.

Félagsnúmer: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Nafn nýja félagsmanns: \_\_\_\_\_

Heimilis- og netfang: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

**Dregið verður úr lukkuleikum 28. febrúar á afmælisdegi Ármanna, en afhending verðlauna verður mánudaginn 1. mars á Skegg og skott, þar sem nýjum félagsmönnum verður sérstaklega boðinir velkomnir í félagið með kaffi- og kökuveitingum í boði stjórnar.**